

## 1996 nr. 113 12. júlí

### Lög um viðskiptabanka og sparisjóði

#### I. kaffli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Lög þessi gilda um viðskiptabanka í eigu ríkisins, hér eftir nefndir ríkisviðskiptabankar, viðskiptabanka sem reknir eru af hlutafélögum, hér eftir nefndir hlutafélagsbankar, og sparisjóði.

■ **2. gr.** Viðskiptabönkum og sparisjóðum er einungis heimilt, nema annað leiði af lögum, að stunda viðskiptabanka- eða sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í V. kafla laga þessara.

■ **3. gr.** Viðskiptabönkum og sparisjóðum er skylt og einum heimilt, nema lög ákvæði annað, að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „banki“ eða „sparisjóður“ eitt sér eða samtengt öðrum orðum, sbr. þó 5. mgr. 82. gr.

□ Viðskiptabanki má ekki auðkenna starfsemi sína á þann hátt að unnt sé að líta svo á að um Seðlabanka Íslands geti verið að ræða.

#### II. kaffli. Stofnun, starfsleyfi o.fl.

■ **4. gr.** Óheimilt er að hefja starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóðs nema að fengnu starfsleyfi viðskiptaráðherra. Skráning hlutafélagsbanka í hlutafélagaskrá veitir ekki sjálfkrafa rétt til að hefja slíka starfsemi.

□ Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skal fylgja lýsing á starfseminni þar sem fram kemur, meðal annars, hvaða starfsemi ætlunin er að stunda og lýsing á innra skipulagi viðskiptabankans eða sparisjóðsins. Jafnframt skulu fylgja upplýsingar um stofnendur, hlutafé eða stofnfé, hluthafa eða stofnfjáreigendur og hlut hvers um sig, auk annarra upplýsinga og gagna sem viðskiptaráðherra ákveður. Samþykktir skulu fylgja umsókn um starfsleyfi hlutafélagsbanka eða sparisjóðs.

□ Með umsókn skulu, auk upplýsinga skv. 2. mgr., fylgja gögn um náin tengsl stofnunar við einstaklinga eða lögaðila. Með nánum tengslum er átt við innbyrðis tengsl tveggja eða fleiri einstaklinga eða lögaðila sem fela í sér beina eða óbeina hlutdeild þessara aðila sem nemur a.m.k. 20% af eigin fé eða atkvæðisrétti fyrirtækis. Einnig er um náin tengsl að ræða ef fyrrgreindir aðilar, eða dótturfélög þeirra, hafa vegna samninga yfirráð í fyrirtæki (viðskiptabanka eða sparisjóði) eða sambærileg innbyrðis tengsl eins eða fleiri lögaðila eða einstaklinga við fyrirtæki.

□ Áður en ráðherra afgreiðir umsókn um starfsleyfi skal hann leita umsagnar [Fjármálaeftirlitsins].<sup>1)</sup>

□ Ákvörðun um umsókn um starfsleyfi skal ávallt liggja fyrir innan þriggja mánaða frá því að fullbúin umsókn barst ráðherra, sbr. ákvæði III. kafla.

□ Birta skal tilkynningar um starfsleyfi viðskiptabanka og sparisjóða í Lögbirtingablaði.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr.

■ **5. gr.** Einungis einstaklingar og lögaðilar búsettur hér á landi geta verið stofnendur viðskiptabanka eða sparisjóðs, sbr. þó 8. gr.

□ Ríkisborgarar og lögaðilar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir búsetuskilyrði 1. mgr. Ráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

□ Viðskiptabanki eða sparisjóður sem sækir um starfsleyfi skv. 4. gr. skal hafa höfuðstöðvar sínar hér á landi.

■ **6. gr.** Viðskiptabanki eða sparisjóður verður ekki stofnáður með lægra hlutafé eða stofnfé en 400 milljónum króna og skal hlutafé eða stofnfé aldrei nema lægri fjárhæð. Fjárhæð þessi skal bundin við gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við kaupgengi hennar á útgáfudegi laga þessara.

□ Ráðherra er heimilt að víkja frá lágmarskröfum 1. mgr. um fjárhæð stofnfjár í sparisjóði að fengnum tillögum [Fjármálaeftirlitsins]<sup>1)</sup> og Tryggingarsjóðs sparisjóða. Þó skal stofnfé aldrei nema lægri fjárhæð en 80 milljónum króna og vera bundið gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU samkvæmt því sem segir í 1. mgr.

□ Viðskiptabanka eða sparisjóði er óheimilt að hefja starfsemi fyrr en hlutafé eða stofnfé hefur verið greitt að fullu í reiðufé.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr.

■ **7. gr.** Starfandi viðskiptabönkum eða sparisjóðum við gildistöku laga þessara með eigið fé lægra en það hlutafé eða stofnfé sem mælt er fyrir um í 1. eða 2. mgr. 6. gr. er heimilt að halda áfram starfsemi sinni, enda fari eigið fé þeirra ekki niður fyrir þá fjárhæð sem það nam við gildistöku laganna. Nú fer eigið fé niður fyrir framangreind mörk og er þá [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> heimilt að veita hlutaðeigandi stofnun hæfilegan frest til úrbóta. Uppfylli stofnunin ekki skilyrðin um eigið fé að liðnum veittum fresti skal starfsleyfi hennar afturkallað samkvæmt ákvæðum XIII. kafla.

□ Yfirtaki nýir aðilar starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóðs sem starfar skv. 1. mgr. skal eigið fé stofnunarinnar hafa náð því lágmarki sem kveðið er á um í 1. eða 2. mgr. 6. gr. innan þriggja mánaða frá yfirtökunni.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr.

#### A. Ríkisviðskiptabankar.

■ **8. gr.** Ríkisviðskiptabankar eru sjálfstæðar stofnanir og lúta sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum. Þeir verða einungis stofnaðir samkvæmt sérstökum lögum.

□ Heimili og varnarþing ríkisviðskiptabanka er í Reykjavík nema annað leiði af lögum.

□ Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka. Ríkisviðskiptabanka er óheimilt án samþykkis Alþingis að taka víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjártöðu sína umfram það sem Tryggingarsjóður viðskiptabanka getur veitt, sbr. 75. gr. laga þessara.

□ Nánar skal kveðið á um starfsemi ríkisviðskiptabanka í reglugerð.

#### B. Hlutafélagsbankar.

■ **9. gr.** Einungis hlutafélögum er heimilt að reka viðskiptabanka aðra en ríkisviðskiptabanka. Ákvæði laga um hlutafélög gilda um hlutafélagsbanka nema annað sé boðið í lögum þessum.

■ **10. gr.** [Engar hömlur má leggja á viðskipti með hluti í hlutafélagsbanka, sbr. þó 100. gr.]

□ Í samþykktum skal kveðið á um atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í hlutafélagsbanka og um meðferð hans. Í samþykktum er óheimilt að veita tilteknun hlutum aukið atkvæðagildi eða skipta hlutum með öðrum hætti í sérstaka flokka.

□ Aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í viðskiptabanka skulu leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram. Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi banka. Samþykkis Fjármálaeftirlitsins skal enn fremur aflað þegar einstaklingur eða lögaðili eykur svo við eignarhlut sinn að bein eða óbein hlutdeild hans í eigin fé

eða atkvæðisrétti fer yfir 20%, 33% eða 50% eða nemur svo stórum hluta að viðskiptabanki verði talinn dótturfyrirtæki hans.

□ Þeir sem hyggjast eignast svo stóran eignarhlut í viðskiptabanka sem um ræðir í 3. mgr. skulu beina skriflegri umsókn til Fjármálaeftirlitsins. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um eftifarandi:

1. Nafn og heimili umsækjanda.
2. Nafn þess viðskiptabanka sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
3. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
4. Áform um breytingar á verkefnum viðskiptabanka.
5. Fjármögnun fjárfestingarinnar.
6. Fjárhagsstöðu umsækjanda.
7. Fyrirhuguð viðskiptatengsl umsækjanda við viðskiptabankann.
8. Reynslu umsækjanda af fjármálastarfsemi.
9. Eignarhald, stjórnarsetu eða aðra þátttöku umsækjanda í starfsemi lögaðila.

10. Refsingar sem umsækjandi hefur verið daemdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.

11. Nán tengsl umsækjanda við aðra lögaðila, sbr. 3. mgr. 4. gr.

12. Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fer fram á að umsækjandi veiti og máli skipta við mat á hafi eigenda virkra eignarhluta.

□ Sé umsækjandi lögaðili skal upptalning skv. 4. mgr. eiga við um lögaðilann sjálfan, stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóra og þá einstaklinga og lögaðila sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum. Skal þá enn fremur upplýst um endurskoðanda lögaðilans. Skulu upplýsingarnar studdar gögnum eftir því sem það á við. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágur frá skilum á upplýsingum skv. 4. mgr. hafi lögaðili ekki tök á að afla þeirra eða ef umsækjandi lýtur opinberu fjármálaeftirliti í öðru ríki og unnt sé að afla sambærilegra upplýsinga frá fjármálaeftirliti heimarfkis umsækjanda.

□ Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort umsækjandi sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðskiptabanka og skal gæta meðalhófs við það mat. Við mat á hafi umsækjenda skal m.a. höfð hliðsjón af eftifarandi:

1. Fjárhagsstöðu umsækjanda og aðila sem hann er í nánum tengslum við.

2. Pekkingu og reynslu umsækjanda.

3. Hvort eignarhald umsækjanda skapar hættu á hagsmunaarekstrum á fjármálamarkaði.

4. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.

5. Hvort ætla megi að eignarhald umsækjanda muni torvelda eftirlit með hlutaðeigandi viðskiptabanka. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta umsækjanda við Fjármálaeftirlitið eða önnur stjórnvöld, til þess hvort nán tengsl umsækjanda við einstaklinga eða lögaðila geta að mati Fjármálaeftirlitsins hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem gilda um umsækjanda, hindra eðlilegt eftirlit.

6. Hvort umsækjandi hefur gefið Fjármálaeftirlitinu umbeðnar upplýsingar ásamt fylgigögnum og þær upplýsingar hafa reynst réttar.

7. Refsingum sem umsækjandi hefur verið daemdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.

□ Telji Fjármálaeftirlitið umsækjanda ekki hæfan til þess að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðskiptabankans skal það synja umsækjanda um leyfi til þess. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að fallast á umsókn, þrátt fyrir að umsækjandi teljist ekki hæfur til að eiga eignarhlutinn, gegn því að umsækjandinn grípi til ráðstafana í því skyni að takmarka skaðleg áhrif af eignarhaldi hans, t.d. að fela eignarhaldið sérstöku eignarhaldsfélagi sem hafi ekki aðra starfsemi með höndum eða tilnefna einstaklinga sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa sem fulltrúa sína í félagsstjórn.

□ Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skv. 7. mgr. skal vera skrifleg og hafa borist umsækjanda innan eins mánaðar frá þeim degi er því bárust fullnægjandi upplýsingar ásamt fylgigögnum. Berist ákvörðun Fjármálaeftirlitsins umsækjanda ekki innan þess tíma telst það hafa samþykkt umsóknina. Rökstuðningur skal fylgja synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn.

□ Heimild til að eignast eða auka við virkan eignarhlut í viðskiptabanka gildir í sex mánuði eftir að samþykki Fjármálaeftirlitsins liggar fyrir. Nýti umsækjandi ekki heimildina á þeim tíma ber honum að afla samþykks Fjármálaeftirlitsins á nýjan leik, sbr. 3. og 4. mgr.

□ Sæki aðili ekki um leyfi Fjármálaeftirlitsins í tilefni af kaupum eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skyld skv. 3. mgr., fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi viðskiptabanka um brottfall atkvæðisréttarins. Skal Fjármálaeftirlitið gera hlutaðeigandi aðila að leggja fram umsókn ásamt fylgigögnum skv. 4. mgr. Berist umbeðin gögn innan tilskilins frests tekur Fjármálaeftirlitið ákvörðun um afgreiðslu umsóknar skv. 7. mgr. Berist gögn ekki innan fjögurra vikna frá því að um þau er beðið eða Fjármálaeftirlitið synjar viðkomandi aðila um leyfi til að eiga eða auka við virkan eignarhlut skal honum skyld að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmrí en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimili Fjármálaeftirlitið viðkomandi aðila að eignast eða auka við virkan eignarhlut fá hlutirnir atkvæðisrétt að nýju.

□ Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi hafnað umsókn hans um það fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi viðskiptabanka um brottfall atkvæðisréttarins. Skal viðkomandi aðili að því búnu skyld að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmrí en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

□ Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutafjár-eign sinni að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn nið-

ur fyrir 20%, 33%, 50% eða svo mikið að bankinn hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/2001, 1. gr.

■ **11. gr.** [Þegar tilkynning hefur borist um aðilaskipti að hlutabréfum í hlutafélagsbanka sem valda því að hlutafjáreign fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 3. mgr. 10. gr. skal bankaráð tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

□ Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal viðskiptabanki tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í honum og um hlutafjáreign hvers þeirra.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/2001, 2. gr.

■ **12. gr.** [Sé aðila, sem á virkan eignarhlut í viðskiptabanka, svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur bankans getur Fjármálaeftirlitið gripið til eftirfarandi ráðstafana:

1. Ákvæðið að þeim hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur.
2. Lagt fyrir hlutaðeigandi banka að grípa til ráðstafana sem draga úr skaðlegum áhrifum hluthafans.

3. Lagt fyrir bankaráð hlutaðeigandi viðskiptabanka að boða til hluthafafundar þar sem háttsemi hluthafans skal tekin fyrir. Skal fulltrúa Fjármálaeftirlitsins heimilt að sækja fundinn og taka þar til málss.

□ Við mat á því hvort gripið skuli til ráðstafana skv. 1. mgr. skal m.a. höfð hliðsjón af þeim atriðum sem greinir í 6. mgr. 10. gr. Að auki skal höfð sérstök hliðsjón af því hvort staða eða háttsemi viðkomandi aðila væri til þess fallin að rýra traust almennings á hlutaðeigandi banka, væri hún opinber.

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa í senn til fleiri en einnar af þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í 1. mgr., þyki það nauðsynlegt.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/2001, 3. gr.

■ **13. gr.** Viðskiptabanka er óheimilt að eiga sjálfur eða taka að veði meira en 10% af eigin hlutafé. Eignist stofnunin meira af hlutafénu, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skal hún hafa selt hlutabréf þannig að lögmaeltu marki sé náð innan þriggja mánaða.

■ **14. gr.** Ákvæði 10.–12. gr. eiga einnig við um sparisjóði, eftir því sem við getur átt.

#### C. Sparisjóðir.

■ **15. gr.** Stofnfjáreigendur í sparisjóði skulu ekki vera færri en 30.

□ Á stofnundi sparisjóðs fer hver stofnandi með eitt atkvæði. Stofnundur setur sparisjóði samþykktir. Í þeim skulu vera ákvæði sem varða sérstaklega hlutaðeigandi sparisjóð, svo sem:

1. heiti sparisjóðs,
  2. heimili sparisjóðs og varnarþing,
  3. heildarupphæð stofnfjár, skipting í stofnfjárluti og atkvæðisréttur,
  4. reglur um eigendaskipti að stofnfjárlutum og aukningu stofnfjár,
  5. kosning sparisjóðsstjórnar og störf hennar,
  6. breytingar á samþykktum og
  7. slit á sparisjóði og ráðstöfun eigin fjár í því sambandi.
- Ákvörðun um breytingu á samþykktum sparisjóðs verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki  $\frac{2}{3}$  hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki stofnfjáreigenda sem ráða yfir minnst  $\frac{2}{3}$  hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundi stofnfjáreigenda.

□ Þegar starfsemi sparisjóðs er bundin við ákvæðið svæði skulu stofnfjáreigendur vera búsettir eða reka atvinnu eða aðra starfsemi á því svæði, sbr. þó 2. mgr. 5. gr.

■ **16. gr.** Gefin skulu út stofnfjárbréf fyrir skráðum stofnfjárlutum og skulu þau undirrituð af sparisjóðsstjórn. Þau má ekki afhenda fyrr en hlutur er að fullu greiddur. Stofnfjárbréf skulu hljóða á nafn og verða þau ekki framseld til handhafa þannig að gildi hafi gagnvart sparisjóðnum. Í stofnfjárbréfi skal greina:

1. heiti sparisjóðs og heimilisfang,
2. númer og fjárhæð hlutar,
3. nafn, heimilisfang og kennitölu stofnfjáreiganda,
4. útgáfudag stofnfjárbréfs,
5. efni 18. gr. og 20.–21. gr. laga þessara og
6. sérstök atriði er varða réttindi og skyldur stofnfjáreigenda.

□ Færð skal skrá yfir stofnfjáreigendur og skulu þeir allir eiga aðgang að henni.

■ **17. gr.** Stofnfjáreigendur bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs umfram stofnfé sitt.

□ Stofnfjáreigendur hafa ekki rétt til ágóðahlutar af rekstrar-afgangi sparisjóðs umfram það sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

□ Stofnfjáreigendur skulu einungis njóta arðs af innborguðu stofnfé sínu.

□ Stofnfé verður ekki endurgreitt til stofnfjáreigenda nema samkvæmt ákvæðum 70. gr.

■ **18. gr.** Sala eða annað framsal stofnfjárlutar í sparisjóði er óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar. Veðsetning stofnfjárlutar í sparisjóði er óheimil.

■ **19. gr.** Sparisjóði er óheimilt að eiga sjálfur meira en 10% af eigin stofnfé. Eignist sparisjóður meira af stofnfénu vegna ákvæða 20. og 21. gr. skal hann hafa selt stofnfjárlut þannig að lögmaeltu marki sé náð innan þriggja mánaða.

■ **20. gr.** [Stjórn sparisjóðs er heimilt að innleysa stofnfjárlut í sparisjóði að beiðni stofnfjáreiganda.]<sup>1)</sup>

□ Stjórn sparisjóðs er skyld að innleysa stofnfjárlut í eftirgreindum tilvikum:

1. þegar stofnun, sem er eigandi að stofnfjárlut, er slitið eða hún lögð niður,
2. við gjaldþrotaskipti á búi stofnfjáreiganda og
3. við fjármám í stofnfjárlut stofnfjáreiganda.

<sup>1)</sup> L. 71/2001, 1. gr.

■ **21. gr.** Nú synjar sparisjóður um heimild til sölu stofnfjárlutar, sbr. 18. gr., eða neytir ekki heimildar til innlausnar skv. 1. mgr. 20. gr. og skal hann þá, ef óskað er, hafa milligöngu um sölu hlutarins eða innleysa hann innan árs frá því er skrifleg beiðni kom fram um sölu eða innlausn, sbr. þó ákvæði 19. gr.

□ Fari innlausn stofnfjárlutar fram skal hlutur innleystur á nafnverði að viðbættri ónýtti heimild til endurmats stofnfjár skv. 23. gr.

■ **22. gr.** Fundur stofnfjáreigenda getur ákvæðið að auka stofnfé í starfandi sparisjóði og sett reglur um áskrift nýrra stofnfjárluta í samræmi við ákvæði í samþykktum.

□ Pað verð, sem nýr stofnfjáreigandi skal greiða fyrir hlut, skal vera nafnverð hans að viðbættri ónýtti heimild til endurmats stofnfjár skv. 23. gr.

■ **23. gr.** Frá ársþyrjun 1993 er sparisjóðum heimilt að endurmata stofnfé sjóðsins og greiða inn á stofnfjárréikninga stofnfjáreigenda. Við endurmat þetta skal hafa hljóðsjón af eftirgreindum atriðum:

1. verðlagsbreytingum frá 1. janúar 1992 miðað við lánskjaravísitolu og
  2. stöðu eigin fjár hjá sparisjóði.
- Nýtt stofnfé nýtur hlutfallslega endurmats miðað við innugreiðslu þess innan ársins.

### III. kafli. Synjun umsóknna um starfsleyfi.

■ **24. gr.** Uppfylli viðskiptabanki eða sparisjóður, eftir því sem við á, ekki skilyrði 2. mgr. 4. gr. um form umsóknar, 5. gr. um stofnendur, 6. gr. um stofnfé, 8. gr. um stofnun ríkisviðskiptabanka, 9. gr. um stofnun hlutafélagsbanka, 1.-3. mgr. 10. gr. um hluti í hlutafélagsbanka, 2. mgr. 15. gr. um stofnun sparisjóðs og 38. gr. um stjórn viðskiptabanka eða sparisjóðs skal umsókn um starfsleyfi synjað.

■ **25. gr.** Ráðherra er heimilt að synja umsókn um starfsleyfi, að fengnum tillögum [Fjármálaeftirlitsins],<sup>1)</sup> sé eignarhlutur hluthafa í hlutafélagsbanka eða stofnfjáreiganda í sparisjóði skv. 10. gr. talinn ósamrýmanlegur eðlilegum rekstri hlutaðeigandi stofnunar.

Ráðherra er og heimilt að synja umsókn um starfsleyfi ef nán tengsl viðskiptabanka eða sparisjóðs við einstaklinga eða lögaðila geta að mati [Fjármálaeftirlitsins]<sup>1)</sup> hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum. Sama á við ef lög eða reglur, sem um slíka einstaklinga eða lögaðila gilda, hindra eðlilegt eftirlit.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr.

■ **26. gr.** Synjun ráðherra á starfsleyfi skal rökstudd og send umsækjanda skriflega.

### IV. kafli. Stjórn.

A. Ríkisviðskiptabankar.

■ **27. gr.** Yfirstjórn ríkisviðskiptabanka er í höndum viðskiptaráðherra og bankaráðs svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Bankaráð ríkisviðskiptabanka skipa fimm menn kjörnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar formann bankaráðs til fjögurra ára úr hópi hinna kjörnu aðalmannna og annan varafórmann. Umboð bankaráðs gildir þar til nýtt hefur verið kjörið.

Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna og varamanna þeirra.

■ **28. gr.** Ráðherra getur hvenær sem er krafð bankaráð upplýsinga um rekstur og hag hlutaðeigandi ríkisviðskiptabanka.

■ **29. gr.** [Bankastjórn ríkisviðskiptabanka skal skipuð þremur bankastjórum sem skulu eigi skipaðir til lengri tíma en fimm ára í senn.]<sup>1)</sup> Hafi bankastjóri brotið af sér í starfi getur bankaráð vikið honum frá fyrirvara laust og án launa. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frákvíningu úr starfi.

Auglýsa skal opinberlega eftir umsóknum um stöður bankastjóra með hæfilegum fyrirvara.

<sup>1)</sup> L. 83/1997, 161. gr.

B. Hlutafélagsbankar.

■ **30. gr.** Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum hlutafélagsbanka samkvæmt því sem lög og samþykkir bankans ákveða.

■ **31. gr.** Stjórn hlutafélagsbanka nefnist bankaráð. Bankaráðið fer með málefni hlutafélagsbanka milli hluthafafunda.

Bankaráð hlutafélagsbanka skal skipað eigi færri en fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Bankaráð skal kjörið af hluthöfum á aðalfundi.

### C. Sparisjóðir.

■ **32. gr.** Fundur stofnfjáreigenda fer með æðsta vald í mál-efnum sparisjóðs samkvæmt því sem lög og samþykkir sparisjóðsins ákveða. Stjórn sparisjóðs fer með málefni hans milli þeirra funda.

Aðalfund skal halda samkvæmt ákvæðum samþykkta, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári og aldrei síðar en níu mánuðum frá lokum hvers reikningsárs.

Aukafund skal halda ef stofnfjáreigendur, sem fara með minnst  $\frac{1}{3}$  hluta stofnfjár, krefjast þess skriflega og greina fundarefni.

Aukafund skal annars halda þegar sparisjóðsstjórn telur þess þörf.

■ **33. gr.** Fundir stofnfjáreigenda skulu boðaðir með þeim hætti sem samþykkir ákveða en þó með tíu daga fyrirvara hið skemmta. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins. Stofnfjáreiganda er óheimilt að fela öðrum umboð sitt á framan-greindum fundum nema slíkt sé leyft í samþykktum spari-sjóðs.

Afl atkvæða samkvæmt reglum 35. gr. ræður úrslitum á fundum nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum.

Hver stofnfjáreigandi á rétt til að fá ákveðið mál tekið til úrlausnar á fundum stofnfjáreigenda sparisjóðs ef hann gerir skriflega kröfu um það til sparisjóðsstjórnar með svo miklum fyrirvara að unnt sé að taka málid á dagskrá fundarins.

■ **34. gr.** Á aðalfundi skal m.a. taka eftirgreind mál fyrir:

1. skýrslu stjórnar um starfsemi liðins starfsárs,

2. staðfestingu á endurskoðuðum ársreikningi og ráðstöfun tekjuafgangs að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, sbr. 59. gr.,

3. kosningu sparisjóðsstjórnar, sbr. 36. gr., og endurskoðanda, sbr. 60. gr.,

4. þóknun stjórnarmanna, svo og þóknun endurskoðanda, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar,

5. breytingar á samþykktum sparisjóðs og

6. önnur mál sem aðalfundur skal fjalla um samkvæmt lögum þessum eða sparisjóðsstjórn ákveður að leggja fyrir fundinn.

■ **35. gr.** Stofnfjáreigendur skulu eiga jafnan hlut nema samþykkir heimili annað.

Stofnfjáreigendur skulu eiga jafnan atkvæðisrétt nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum sparisjóðs. Þó er einstökum stofnfjáreigendum aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, sbr. þó 98. gr. ef sveitarfélag er eini stofnfjáreigandinn.

Óheimilt er að fara með atkvæðisrétt samkvæmt þeim stofnfjárbrefum sem sparisjóður á sjálfur, sbr. 19. gr.

Þar sem talað er um heildaratkvæðamagni í sparisjóði í lögum þessum er átt við heildaratkvæðamagn að frádregnum atkvæðum samkvæmt þeim stofnfjárbrefum sem sparisjóður á sjálfur.

■ **36. gr.** Í stjórn sparisjóðs skulu sitja fimm menn. Stofnfjáreigendur kjósa þrjá stjórnarmenn en hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða heráðsnefndir tilnefna two stjórnarmenn samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. [Í samþykktum er heimilt að kveða á um að stofnfjáreigendur kjósi alla stjórnarmenn sparisjóðs.]<sup>1)</sup> Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi. Heimilt er að kjósa varamenn, jafnmarga aðalmönnum, eftir sömu reglum og gilda um kosningu aðal-mannna. Kosning stjórnar skal vera hlutbundin ef óskað er.

□ Nú eru stofnfjáreigendur í sparisjóði fleiri en 150 og er þá heimilt að ákvæða í samþykktum sparisjóðs að aðalfundur kjósi fulltrúaráð skipað að minnsta kosti 21 fulltrúa. Fulltrúaráð skal kosið til þriggja ára og þriðungur árlega nema í fyrsta skipti. Fulltrúaráð kýs stjórn sparisjóðsins samkvæmt reglum 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

□ Stjórnarmenn, sem eru ekki kosnar af stofnfjáreigendum, sitja aðal- og aukafundi án atkvæðisréttar.

□ Umboð stjórnarmanns gildir þann tíma sem til er tekinn í samþykktum. Kjörtímbili skal vera lokið við lok aðalfundar í síðasta lagi fjórum árum eftir kjörið.

<sup>1)</sup> L. 71/2001, 2. gr.

■ **37. gr.** Nú sameinast tveir eða fleiri sparisjóðir og er þá heimilt að ákvæða í samþykktum að stjórn sparisjóðsins verði kosin hlutbundinni kosningu af sérstökum fulltrúaráði.

□ Fulltrúaráð skal þannig skipað:

1. að  $\frac{3}{5}$  hlutum af stofnfjáreigendum hlutaðeigandi sparisjóða samkvæmt samningi þeirra þar um,

2. að  $\frac{2}{3}$  hlutum af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum eða héraðsnefndum enda hafi sveitarstjórnir eða sýslunefndir áður kosið til stjórnar sparisjóða.

□ Við sameiningu sparisjóða er heimilt að ákvæða í samþykktum að starfa skuli staðbundnar stjórnir, þriggja til fimm manna, á starfssvæði sparisjóðanna eins og það var fyrir sameiningu, kjörnar skv. 36. gr. Stjórn sparisjóðsins setur staðbundnum stjórnnum erindisbréf þar sem starfssviði þeirra er nánar lýst og skal það staðfest á fundi stofnfjáreigenda.

■ [37. gr. A.] Að tillögu sparisjóðsstjórnar í sparisjóði sem starfandi var 31. desember 2000 getur fundur stofnfjáreigenda ákvæðið með  $\frac{2}{3}$  hlutum greiddra atkvæða, svo og samþykkji stofnfjáreigenda sem ráða yfir minnst  $\frac{2}{3}$  hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, að breyta sparisjóðnum í hlutafélag að fengnu samþykki ráðherra og umsögn Fjármálaefstirlitsins. Skal breyting sparisjóðs í hlutafélag þá framkvæmd þannig að sparisjóðurinn sameinist hlutafélagi sem sparisjóðurinn hefur áður stofnað í því skyni að taka við rekstri sparisjóðsins og öllum eignum hans og skuldum, réttindum og skuldbindingum.

□ Ákvæði 1. másl. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um fjölda stofnenda í hlutafélagi skv. 1. mgr. Ákvæði 1. mgr. 20. gr. sömu laga um lágmarksfjöldu hluthafa gilda ekki um hlutafélag skv. 1. mgr. fram að því að breyting sparisjóðs í hlutafélag skv. 1. mgr. á sér stað.

□ Við breytingu á sparisjóði í hlutafélag skv. 1. mgr. skulu stofnfjáreigendur eingöngu fá hlutafé í hlutafélaginu sem gagngjald fyrir stofnfjárhliði sína. Skal samanlagt hlutafé sem stofnfjáreigendur fá í sparisjóðnum nema sama hlutfalli af hlutafé hans eftir breytinguna og stofnfé, endurmetið skv. 23. gr., nemur samtals af áætluðu markaðsvirði sparisjóðsins. Markaðsvirði sparisjóðsins skal metið af óháðum aðila og miðast við sama tímamark og breytingin á rekstrarformi sparisjóðsins. Sá hluti hlutafjár sparisjóðsins eftir breytingu hans í hlutafélag sem ekki gengur til stofnfjáreigenda samkvæmt framansögðu skal verða eign sjálfsagnarstofnunar sem sett er á stofn skv. 37. gr. B.

□ Ákvæði 120.–128. gr. og ákvæði 131. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, skulu að öðru leyti og eftir því sem við getur átt gilda um breytingu sparisjóðs í hlutafélag samkvæmt undanfarandi ákvæðum þessarar greinar.

□ Við breytingu sparisjóðs í hlutafélag samkvæmt þessari grein heldur starfsleyfi sparisjóðsins gildi sínu.

□ Sparisjóði sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er ekki skyld að gefa út innköllun til lánardrottna. Breyting á eignaskráningu í veðmálabókum sem leiðir af breytingu sparisjóðs í hlutafélag er undanþegið i stimpilgjöldum.

□ Nú fer um eigið fé sparisjóðs sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 7. gr. og skulu nefnd ákvæði sem og ákvæði 2. mgr. 7. gr. þá gilda áfram um sparisjóðinn eftir breytingu hans í hlutafélag.

□ Sparisjóði sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er auk orðsins „sparisjóður“ skyld að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina hf.

□ Í samþykktum sparisjóðs sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal kveðið á um atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í sparisjóðnum og um meðferð hans. Einstökum hluthöfum er aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildar- atkvæðamagni í sparisjóði. Í samþykktum er þó heimilt að kveða á um að sjálfsagnarstofnun skv. 37. gr. B geti farið með meira en 5% af heildar- atkvæðamagni í sparisjóði. Á stofnfundi skal sjálfsagnarstofnun fara með atkvæði í samræmi við hlutafjáreign sína.

□ Nú er sparisjóði breytt í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og skulu þá í stað ákvæða 15.–23. gr., 32.–37. gr., 59. gr. og 3. mgr. 70. gr. gilda um sparisjóðinn að öðru leyti en kveðið er á um í undanfarandi ákvæðum þessarar greinar og eftir því sem við getur átt ákvæði 10.–13. gr. og 30.–31. gr. og önnur ákvæði laganna, auk ákvæða laga um hlutafélög.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 71/2001, 3. gr.

■ [37. gr. B.] Nú er ákvæðið að breyta sparisjóði í hlutafélag samkvæmt ákvæðum 37. gr. A og skal sparisjóðurinn þá gangast fyrir stofnun sjálfsagnarstofnunar sem við breytinguna verður eigandi þess hluta hlutafjár í sparisjóðnum sem kveðið er á um í 3. mgr. 37. gr. A. Megintilgangur sjálfsagnarstofnunarinnar skal vera að stuðla að viðgangi og vexti í starfsemi sparisjóðsins.

□ Í stjórn sjálfsagnarstofnunar skv. 1. mgr. skulu eiga sæti fæst fimm menn úr fulltrúaráði stofnunarinnar.

□ Fulltrúaráð sjálfsagnarstofnunarinnar, sem í skulu eiga sæti allir stofnfjáreigendur í viðkomandi sparisjóði er honum var breytt í hlutafélag, skal kjósa stjórnarmenn sjálfsagnarstofnunarinnar. Fulltrúaráðið getur valið fleiri til setu í ráðinu. Nú verða fulltrúaráðsmenn færri en þrjátíu og skal þá skyld að fylgja í ráðinu á næsta fundi þess þannig að meðlimir verði eigi færri en þrjátíu.

□ Einungis skal heimilt að úthluta af fjármunum sjálfsagnarstofnunar skv. 1. mgr. eða ráðstafa eignum, sem eftir verða við slit hennar, til menningar- og líknarmála á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs við breytingu hans í hlutafélag. Ákvæði laga um sjálfsagnarstofnanir sem stunda atvinnurekstur skulu að öðru leyti gilda um sjálfsagnarstofnun skv. 1. mgr. Sjálfsagnarstofnun sem stofnuð er samkvæmt þessari grein er undanþegin tekjuskatti og eignarskatti, enda sé farið eftir skilyrðum 1. másl. um úthlutun til menningar- og líknarmála.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 71/2001, 3. gr.

D. Sameiginleg ákvæði.

■ **38. gr.** Bankastjórar viðskiptabanka og sparisjóðsstjórar skulu vera búsettir hér á landi, vera fjárráða, hafa óflekkad mænnum og aldrei hafa verið sviptir forræði yfir búi sínu.

□ Auk þess að fullnægja skilyrðum 1. mgr. skal menntun

eða starfsreynsla og starfsferill bankastjóra og sparisjóðsstjóra vera með þeim hætti að tryggt sé að þeir geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt.

□ Bankaráðsmenn og stjórnarmenn sparisjóðs skulu einnig uppfylla skilyrði 1. mgr. Ríkisborgarar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins eru þó undanþegnir búsetuskil-yrðinu. Ráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

□ Bankastjórum og sparisjóðsstjórum er óheimilt að eiga sæti í bankaráði eða stjórn sparisjóðs.

■ **39. gr.** Bankaráð eða sparisjóðsstjórn hefur yfirumsjón með starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóðs í samræmi við lög þessi, reglugerðir eða samþykktir. Bankaráð eða sparisjóðsstjórn skal einnig hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri hlutaðeigandi stofnunar. Bankaráð eða sparisjóðsstjórn annast m.a. eftirfarandi verkefni:

1. að ráða bankastjóra eða sparisjóðsstjóra, ákveða laun og ráðningarkjör þeirra og verkaskiptingu samkvæmt sérstöku erindisbréfi sem gildir í ákveðinn tíma,

2. að ráða forstöðumann endurskoðunardeildar, sbr. 7. mgr. 62. gr.,

3. að staðfesta ráðningu staðgengla bankastjóra eða sparisjóðsstjóra samkvæmt tillögum bankastjórnar eða sparisjóðsstjóra,

4. að staðfesta tillögur bankastjórnar eða sparisjóðsstjóra um höfuðþætti í stjórnskipulagi hlutaðeigandi stofnunar,

5. að móta stefnu í vaxta- og gjaldskrármálum og setja almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir stofnunarinnar, hvort tveggja að fenginni umsögn bankastjóra eða sparisjóðsstjóra,

6. að setja að fenginni tillögu bankastjóra eða sparisjóðsstjóra leiðbeiningar um árlega upplýsingagjöf til bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar um veitt lán og ábyrgðir til einstaklinga og lögaðila sem, beint eða óbeint, vegna eignarhlutdeilda eða á annan hátt hafa veruleg áhrif á ráðstafanir hlutaðeigandi stofnunar eða eru undir stjórn einstaklinga eða lög-aðila sem hafa slík áhrif,

7. að ákveða hvaða starfsmenn, auk bankastjóra eða sparisjóðsstjóra, hafa heimild til að skuldbinda hlutaðeigandi stofnun og setja reglur þar um,

8. að ákveða hver skuli taka sæti af hálfu viðskiptabanka eða sparisjóðs í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis nema lög kveði á um annað,

9. að taka ákvörðun um ráðstöfun á tekjuafgangi til varasjóðs og annarra sjóða ríkisviðskiptabanka eða leggja tillögur um þessi atriði fyrir hluthafafund eða aðalfund hlutafélagsbanka eða aðalfund sparisjóðs,

10. að taka ákvörðun um að stofna eða leggja niður útibú,

11. að taka ákvörðun um byggingu, kaup, sölu og veðsetningu á fasteignum stofnunarinnar,

12. að ákveða kaup og sölu hlutabréfa og annarra eignarhluta í félögum eða stofnunum sem viðskiptabanki eða sparisjóður á aðild að og

13. að taka ákvörðun um samruna hlutaðeigandi stofnunar við aðra viðskiptabanka eða sparisjóði, sbr. 72. og 74. gr.

□ Áður en ákvörðun er tekin skv. 7.-13. tölul. 1. mgr. skal leitað tillagna bankastjóra eða sparisjóðsstjóra.

□ Bankaráð og sparisjóðsstjórn fjalla einnig um önnur mál sem þau skulu annast samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða samþykktum hlutaðeigandi stofnana, svo og þau mál sem bankastjórar og sparisjóðsstjórar leggja fyrir bankaráð eða sparisjóðsstjórn.

■ **40. gr.** Bankaráð eða sparisjóðsstjórn heldur fundi eftir þörfum eða samkvæmt því sem ákveðið er í reglugerðum eða samþykktum. Bankaráðsfundi og stjórnarfundi sparisjóðs skal ætíð halda ef einn eða fleiri bankaráðsmenn eða stjórnarmenn sparisjóðs óska þess eða telji banka- eða sparisjóðsstjórar þess þörf. Bankastjórar og sparisjóðsstjórar sitja bankaráðsfundi eða stjórnarfundi sparisjóðs og taka þátt í umræðum nema bankaráð eða sparisjóðsstjórn ákveði annað.

□ Fundir eru lögmaðir ef meiri hluti bankaráðsmanna eða stjórnarmanna sparisjóðs er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðlu máls. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Um það sem gerist á bankaráðsfundum og stjórnarfundum sparisjóðs skal haldin gerðabók og fundargerðir staðfestar á þann hátt sem bankaráð eða stjórn sparisjóðs ákveður.

□ Bankaráðsmenn eða stjórnarmenn sparisjóðs og varamenn þeirra skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku bankaráðsmanna eða stjórnarmanna sparisjóðs í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega.

□ Bankaráðsmenn og stjórnarmenn sparisjóðs, varamenn þeirra, endurskoðendur og aðrir starfsmenn mega ekki koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart hlutaðeigandi stofnun.

■ **41. gr.** Bankastjórar og sparisjóðsstjórar bera ábyrgð á daglegum rekstri hlutaðeigandi stofnunar og fara með ákvörðunarvald í öllum málefnum hennar sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum. Þeim ber að sjá um að reksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða samþykktum og ákvörðunum bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar.

■ **42. gr.** Bankastjórum og sparisjóðsstjórum er óheimilt, nema að fengnu leyfi bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar, að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan viðskiptabanka eða sparisjóðs eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um annað eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem hlutaðeigandi stofnun á aðild að.

□ Um heimildir annarra starfsmanna skv. 1. mgr. fer samkvæmt reglum sem bankaráð eða sparisjóðsstjórn setja að fengnum tillögum bankastjóra eða sparisjóðsstjóra.

■ **43. gr.** Bankaráðsmenn, stjórnarmenn sparisjóðs, bankastjórar og sparisjóðsstjórar, endurskoðendur og aðrir starfsmenn viðskiptabanka eða sparisjóðs eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna hlutaðeigandi stofnunar og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema dómarí úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða löggreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

#### V. kafli. Starfsemi.

■ **44. gr.** Starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða er fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum, verðbréfaviðskiptum og annari þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti:

1. Móttaka innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi.

2. Útlánastarfsemi, m.a.:

- a. neytendalán,
- b. langtíma veðlán,

- c. kröfukaup og kaup skuldaskjala og
- d. viðskiptalán.
- 3. Fjármögnumnarleiga.
- 4. Greiðslumiðlun.
- 5. Útgáfa og umsýsla greiðslumiðla (t.d. greiðslukorta, ferðatékka og víxla).
- 6. Að veita ábyrgðir og tryggingar.
- 7. Viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini með:

  - a. greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla, önnur sambærileg greiðsluskjöl o.s.frv.),
  - b. erlendan gjaldeyri,
  - c. framvirka samninga og skiptirétt (vilnanir),
  - d. gengisbundin bréf og vaxtabréf og
  - e. verðbréf.

- 8. Þátttaka í útboðum verðbréfa og þjónustuviðskipti tengd slíkum útboðum.
- 9. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu höfuðstóls, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
- 10. Peningamiðlun.
- 11. Stjórnun og ráðgjöf varðandi samval verðbréfa.
- 12. Varsla og ávöxtun verðbréfa.
- 13. Upplýsingar um lánstraust (lánshæfni).
- 14. Útleiga geymsluhólfra.

Um verðbréfaviðskipti viðskiptabanka og sparisjóða gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga um verðbréfaviðskipti.

- Viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum stofnunum, sem til þess hafa sérstaka lagahemild, er einum heimilt að taka við innlánunum frá almenningu til geymslu og ávöxtunar.
- Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt að stunda vátryggingarstarfsemi með stofnun dótturfyrirtækis.
- Viðskiptabönkum og sparisjóðum er einnig heimilt að stunda aðra starfsemi en um ræðir í 1. mgr., enda sé slík hlíðarstarfsemi í eðlilegu framhaldi af viðskiptabanka- eða sparisjóðssarfsemi. Til framangreindrar starfsemi þarf samþykki [Fjármálaeftirlitsins]<sup>1)</sup> sem jafnframt getur ákveðið að hún skuli stunduð í sérstökum félagi.

□ [Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt samkvæmt sérstökum samningi að taka að sér að veita pósthjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hefur til að veita slíka þjónustu. Til framangreindrar starfsemi þarf samþykki Fjármálaeftirlitsins.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 48/2000, 1. gr.

■ **45. gr.** Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfum. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt að mati bankastjórnar eða sparisjóðsstjóra.

□ Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt að stunda tímabundið aðra starfsemi en þá sem um getur í 44. gr. ef það er einungis í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum fyrirtækja við viðskiptabanka eða sparisjóð eða liður í endurskipulagningu á starfsemi viðskiptaaðila pessara stofnana. Skýrsla hér að lítandi skal send [Fjármálaeftirlitnu].

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr.

■ **46. gr.** Viðskiptabankar og sparisjóðir mega ekki eiga eða taka að veði eignarhluti í einstökum fyrirtækjum sem stunda aðra starfsemi en þá sem getið er í 44. gr. og nema hærrí fjárhæð en 15% af eigin fé hlutaðeigandi stofnunar áður en tekið hefur verið tillit til frádráttar skv. 4. mgr. 55. gr. Eignarhlutur viðskiptabanka eða sparisjóðs og heildarskuldbindingar fyrirtækis gagnvart hlutaðeigandi stofnun skulu vera

innan þeirra marka sem getur í reglum<sup>1)</sup> er ráðherra setur að fengnum tillögum [Fjármálaeftirlitsins]<sup>2)</sup> um hámark lána og ábyrgða til einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila.

□ Samtala virkra eignarhluta, sbr. skilgreiningu skv. 3. mgr. 10. gr. má ekki nema hærrí fjárhæð en 60% af eigin fé viðskiptabanka eða sparisjóðs áður en tekið hefur verið tillit til frádráttar skv. 4. mgr. 55. gr. Bókfært virði samanlagðra eignarhluta, sem viðskiptabanki eða sparisjóður hefur eignast, má ekki nema hærrí fjárhæð en 100% af eigin fé þeirra. Eignarhlutir sem dregnir skulu frá við útreikning á eigin fé og eignarhlutir í fyrirtækjum, sem mynda samstæðu með viðskiptabanka eða sparisjóði, skulu ekki teknir með við útreikning hlutfalla skv. 1. mgr. og 1. og 2. málsl. þessarar málsgreinar. Tímabundinn eignarhlutur viðskiptabanka eða sparisjóðs í fyrirtæki skv. 45. gr. skal ekki tekinn með við útreikning skv. 1. mgr. og 2. málsl. þessarar málsgreinar.

□ Heimilt er að eignarhlutir viðskiptabanka eða sparisjóða fari fram yfir hlutföll skv. 1. mgr. eða 1. málsl. 2. mgr., enda séu sjálfhæð, sem umfram er, dregin frá við útreikning eigin fjár hlutaðeigandi stofnunar. Fari eignarhlutir samtímis fram yfir hlutföll skv. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. skal hærrí fjárhæðin af þeim sem umfram eru dregin frá við útreikning eigin fjár hlutaðeigandi stofnunar.

□ Viðskiptabankar og sparisjóðir skulu gefa [Fjármálaeftirlitinu]<sup>2)</sup> sundurliðað yfirlit yfir eignarhluti í öðrum viðskiptabönkum eða sparisjóðum sem þeir hafa eignast eða tekið að veði, sbr. þó 18. gr.

□ Veiti viðskiptabanki eða sparisjóður lán til kaupa á eigin hlutabréfum eða stofnfjárlutum fyrir hærrí fjárhæð en 5% af heildarfjárhæð hlutfjár eða stofnfjár hlutaðeigandi stofnunar skulu settar óumdeildar tryggingar fyrir lánunum sem eru umfram framangreint hlutfall.

<sup>1)</sup> Rg. 571/1996, sbr. 486/1997 og 694/1997. <sup>2)</sup> L. 84/1998, 2. gr.

■ **47. gr.** Viðskiptabönkum og sparisjóðum er óheimilt að veita bankastjórum eða sparisjóðsstjórum lán eða ganga í ábyrgðir fyrir þá nema fyrirgreiðsla til þeirra sé samþykkt af bankaráði eða sparisjóðsstjórn, bókuð í gerðabók og sé á engan hátt frábrugðin sambærilegri fyrirgreiðslu til annarra viðskiptamanna. Bankastjórum og sparisjóðsstjórum er óheimilt að vera ábyrgðarmenn gagnvart hlutaðeigandi stofnun. Ákvæði þessarar greinar gildir einnig um maka þeirra.

□ Að öðru leyti fer um viðskipti starfsmanna við hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóð eftir reglum sem bankaráð eða sparisjóðsstjórn setur að fengnum tillögum bankastjóra eða sparisjóðsstjóra.

■ **48. gr.** Innlánsreikningar, fjárvörlureikningar og geymsluhólf skulu skráð á nafn viðskiptamanns ásamt heimilisfangi hans og kennitölu. Sömu upplýsinga skal einnig aflað við stofnun annarra viðskiptasambanda hlutaðeigandi stofnunar og viðskiptamanna hennar, eftir því sem unnt er.

■ **49. gr.** Glatist innlánnsskilríki eða viðtökuskírteini er viðskiptabanki eða sparisjóður hafa gefið út fyrir handveði eða geymslufé getur bankaráð eða sparisjóðsstjórn stefnt til sín handhafa nefndra skjala með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar sem birt skal prisvar sinnum í Lögþingablaði.

□ Gefi enginn sig fram áður en fyrirvarinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendorf viðskiptabanka eða sparisjóði samkvæmt innlánnsskilríkinu eða viðtökuskírteininu. Skal viðskiptabanki eða sparisjóður þá, að ósk þess sem fengið hafði hið fyrra innlánnsskilríki eða viðtökuskírteini afhent úr hlutað-

eigandi stofnun, gefa út nýtt honum til handa eða þeim sem sannar að hann leiði rétt sinn löglega frá þessum aðila og skal hið nýja skjal vera með sömu skilmálum og hið fyrra.

■ **50. gr.** Innlánsskilríki viðskiptabanka eða sparisjóða, ávísanir og hvers konar skuldbindingar sem gefnar eru út í nafni þeirra, skuldbindingar sem veita þeim handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum þeirra og framsöl skulu undanþeg-in stimpilgaldi.

□ Ákvæði 1. mgr. á einnig við um aðrar stofnanir eða sjóði sem lög þessi taka til.

■ **51. gr.** Viðskiptabanki eða sparisjóður má ekki eiga fast-eignir eða hluti í félögum um fasteignir fyrir hærri fjárhæð en sem nemur 20% af eigin fé. Fasteignir sem viðskiptabanki eða sparisjóður notar vegna starfseminnar og fasteignir, sem hlutaðeigandi stofnun hefur yfirtekið til lúkningar kröfu skv. 1. mgr. 45. gr., reiknast þó ekki með.

■ **52. gr.** Við ákvörðun vaxta og þjónustugjaldalda er við-skiptabönkum og sparisjóðum óheimilt að hafa samráð við aðrar innlánssstofnanir. Sparisjóðum er þó heimilt að fela Sparisjóðabanka Íslands hf. að leggja fyrir hlutaðeigandi sparisjóð leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld enda brjóti slíkt ekki í bága við ákvæði samkeppnisлага, sbr. IV. kafli þeirra laga.

## VI. kafli. Um laust fé og eigið fé.

■ **53. gr.** Viðskiptabankar og sparisjóðir skulu kappkosta að hafa ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi hlutaðeigandi stofnana fylgja. Með lausu fé er átt við pen-ninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í innlendum og er-lendum innlánssstofnunum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar nettóeignir.

■ **54. gr.** Eigið fé viðskiptabanka og sparisjóða, eins og það er skilgreint skv. 2. mgr., skal á hverjum tíma eigi nema lægni fjárhæð en sem svarar til 8% af áhættugrunni. Áhættu-grunnur stofnunar skal metinn með tilliti til heildareigna, liða utan efnahagsreiknings, gengisáhættu og áhættu annarra liða með markaðsáhættu samkvæmt nánari reglum<sup>1)</sup> um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárlutfalli viðskiptabanka og sparisjóða sem [Fjármálaeftirlitið]<sup>2)</sup> setur. Eiginfjárfrafan skv. 1. málsl. skal einnig gilda um samstæðureikning, sbr. 66. gr.

□ Við útreikning á eiginfjárlutfalli skv. 1. mgr. skal eigið fé samsett af þremur þáttum, eiginfjárbætti A, eiginfjárbætti B og eiginfjárbætti C, og frádráttarliðum skv. 55. gr. Eftirfar-andi takmarkanir gilda um einstaka eiginfjárbætti:

1. Eiginfjárbættur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár fyrir frádrátt skv. 55. gr.

2. Eiginfjárbættur B má hæst nema 50% af eiginfjárbætti A.

3. Eiginfjárbættur C má hæst nema 50% af eiginfjárbætti A. Jafnframt má eiginfjárbættur C hæst nema 4,8% af reiknuðum áhættugrunni viðskiptabanka eða sparisjóðs vegna markaðsáhættu liða í veltubók og gengisáhættu.

□ Eiginfjárbættur A telst vera:

1. Innborgað hlutafé.

2. Varasjóðir, yfirverðsreikningur hlutafjár og óráðstafað eigið fé að frádrégnu tapi ársins.

3. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgu-reiknings-skilum.

4. Frá eiginfjárbætti A skal draga eigin hlutabréf, við-skiptavild og aðrar óápreifanlegar eignir, svo og áfallnar

ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika viðskiptabankans eða sparisjóðsins til að mæta tapi.

□ Eiginfjárbættur B telst vera:

1. Víkjandi lán sem viðskiptabankar eða sparisjóðir taka gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmmri en fimm ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðseða slit hans fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur viðskiptabankanum eða sparisjóðnum en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár eða sambærilegs eigin fjár ríkisviðskiptabanka. Þegar fimm ár eru eftir af láns-tímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár sem líður af þessum fimm árum. Sé um að ræða lán sem greiðist niður með afborgunum á lántímanum skal reikna eftirstöðvur a hvers árs niður á sambærilegan hátt.

2. Endurmatsreikningur annar en gert er ráð fyrir í eiginfjárbætti A.

□ Eiginfjárbættur C telst vera víkjandi lán til skamms tíma sem viðskiptabanki eða sparisjóður tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmmri en tvö ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs eða slit hans fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur viðskiptabankanum eða sparisjóðnum en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár eða sambærilegs eigin fjár ríkisviðskiptabanka. Jafnframt skal kveðið á um að óheimilt sé að greiða af lániðu eða greiða af því vexti ef eiginfjárlut-fall hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs er lægra en 8% eða ef endurgreiðsla höfuðstóls eða greiðsla vaxta veldur því að eiginfjárlutfallið fer niður fyrir 8%. Tilkynna skal [Fjármálaeftirlitinu]<sup>2)</sup> ef slík greiðsla veldur því að eiginfjárlutfallið fer niður fyrir 10%. Við mat á eiginfjárbætti C getur [Fjármálaeftirlitið]<sup>2)</sup> heimilað einstökum viðskiptabönkum eða sparisjóðum að tekið sé tillit til hagnaðar af veltubók-arviðskiptum að frádrégninni fyrirsjáanlegri gjaldfærslu eða arði og að frádrégnu nettótapi af annarri starfsemi, enda sé engin þessara fjárhæða meðtalin í eiginfjárbætti A.

□ [Fjármálaeftirlitið]<sup>2)</sup> getur veitt heimild til að flýta endurgreiðslu víkjandi lána æski lánveitandi þess, enda hafi slíkt ekki áhrif á viðunandi eiginfjárlutfalli hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs.

□ Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum [Fjármálaeftirlitsins]<sup>2)</sup> að ákveða í reglugerð<sup>3)</sup> að aðrir liðir en greindir eru í 3.–4. mgr. teljist með eigin fé viðskiptabanka eða sparisjóðs.

<sup>1)</sup> Rg. 348/1996, sbr. 118/1997, 53/1999, 275/1999 og 684/2000. <sup>2)</sup> L. 84/1998, 2. gr. <sup>3)</sup> Rg. 852/2000, sbr. 964/2000.

■ **55. gr.** Frá eigin fé skv. 2. mgr. 54. gr. skal draga bók-fært virði á eignarhlutum og víkjandi lánum viðskiptabanka eða sparisjóða hjá öðrum þeim félögum sem stunda starfsemi sem talin er upp í 44. gr. í samræmi við eftirfarandi ákvæði í 1.–3. tölul., sbr. þó 2. mgr.:

1. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs nema meira en 10% af hlutafé viðkomandi félaga. Enn fremur víkjandi lán hjá sömu félögum. Eignarhlutur sparisjóðs í Sparisjóðabanka Íslands hf. er undanskilinn.

2. Eignarhlutur í félagi, sem viðskiptabanki eða spari-sjóður hefur eignast tímabundið vegna endurskipulagningar þess félags, skal ekki dragast frá.

3. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir viðskiptabanka eða sparisjóðs nema allt að 10% af hlutafé viðkomandi félaga, svo og eignarhlutur sparisjóðs í Sparisjóðabanka

Íslands hf. Frádrátturinn takmarkast við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi lána sem er umfram 10% af eigin fé viðskiptabanka eða sparisjóðs eins og það er reiknað skv. 2. mgr. 54. gr. fyrir frádrátt samkvæmt þessari grein.

□ Eignarhlutir og víkjandi lán hjá öðrum félögum, sbr. 1. mgr., sem reiknast með í samstæðureikningi hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs, dragast ekki frá eigin fé hlutaðeigandi stofnunar.

□ Eignarhlutir og víkjandi lán hjá dótturfélögum, sem reka vártryggingarstarfsemi skv. 3. mgr. 44. gr. eða starfsemi skv. 4. mgr. sömu greinar, dragast frá eigin fé við útreikning á eiginfjárlhutfalli skv. 2. mgr. 54. gr.

□ Frá eigin fé dragast enn fremur eignarhlutir í félögum sem eru umfram þau mörk sem greinir í 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 46. gr.

## VII. kaffli. Ársreikningur, endurskoðun og samstæðureikningsskil.

■ **56. gr.** Bankaráð og bankastjórar eða sparisjóðsstjórn og sparisjóðsstjórar skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsári. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárvæmyfirlit og skýringar. Ænn fremur skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi mynda eina heild. Reikningsár viðskiptabanka og sparisjóða er almánaksárið.

□ Ársreikningur skal undirritaður af bankaráði eða sparisjóðsstjórn og bankastjórum og sparisjóðsstjórum. Ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal auk þess staðfestur af ráðherra. Hafi bankaráðsmaður eða stjórnarmaður sparisjóðs, bankastjóri eða sparisjóðsstjóri mótbáru fram að færa gegn ársreikningi skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

■ **57. gr.** Ársreikningur skal gefa glöggja mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu viðskiptabanka eða sparisjóðs. Hann skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og innihalda m.a. rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings.

□ [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> skal sjá til þess í samráði við reikningsskilárad að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri reikningsskilavenju við gerð ársreiknings og árshlutareiknings viðskiptabanka og sparisjóða.

□ [Fjármálaeftirlitið]<sup>2)</sup> setur reglur<sup>2)</sup> að höfðu samráði við reikningsskilárad um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings og skýringar og mat á einstökum liðum.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr. <sup>2)</sup> Rg. 554/1994, sbr. 624/1994, 717/1995 og 92/2001.

■ **58. gr.** Í skýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit yfir starfsemi hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu hlutaðeigandi stofnunar og afkomu hennar á reikningsárinu er ekki koma fram í ársreikningnum.

□ Í skýrslu stjórnar skal enn fremur upplýst um eftirfarandi:

1. atburði eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu,
2. væntanlega þróun stofnunarinnar og
3. aðgerðir sem hafa þýðingu fyrir framtíðarþróun hennar.

□ Skýrsla stjórnar skal veita upplýsingar um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu, heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, bankaráðs, bankastjóra, sparisjóðsstjórnar, sparisjóðsstjóra og annarra í þjónustu hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs. Sé um ágðahlut að að ræða til bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar

og bankastjóra eða sparisjóðsstjóra skal hann sérgreindur. Í skýrslu stjórnar skal upplýst um fjölda hluthafa eða stofnfjáreigenda í lok reikningsárs. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga eftir því sem við á.

□ Bankaráð og sparisjóðsstjórn skulu í skýrslu stjórnar gera tillögu um ráðstöfun á hagnaði hlutaðeigandi stofnana eða jöfnun taps.

■ **59. gr.** [Hagnaði sparisjóðs skal ráðstafað sem hér segir:]

1. Aðalfundur getur ákveðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, að greiða stofnfjáreigendum arð af stofnfé. Öryggissjóður samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sem allir sparisjóðir stofna í þessu skyni, ákveður árlega hámarkshlutfall arðgreiðslu. Heimilt er að greiða arð þótt tap sé á rekstri sparisjóðs.

2. Til viðbótar arðgreiðslu skv. 1. tölul. getur aðalfundur ákveðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, að ráðstafa allt að 10% af hagnaði hvers árs til hækkanar á stofnfé sjóðsins, þó þannig að hækkan stofnfjáar samkvæmt þessum tölulið verði aldrei meiri en 5% á ári. Heimild til endurmats samkvæmt þessum tölulið flyst ekki á milli ára. Endurmat samkvæmt þessum tölulið má ekki leiða til þess að bókfært eigið fé að frádegnum stofnfé verði lægra en það var í árslok 2000. Nýtt stofnfé nýtur hlutfallslega endurmats samkvæmt þessum tölulið miðað við inngreiðslu þess innan ársins. Arðurinn skal reiknaður af endurmetnu stofnfé eins og það er í lok reikningsárs.

3. Hagnað, sem ekki er ráðstafað skv. 1. og 2. tölul., skal leggja í varasjóð.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 71/2001, 4. gr.

■ **60. gr.** Ársreikningar viðskiptabanka og sparisjóða skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal þó endurskoðaður af Ríkisendurskoðun og löggiltum endurskoðanda sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

□ Endurskoðandi skv. 1. málsl. 1. mgr. skal kjörinn á aðalfundi viðskiptabanka eða sparisjóðs til eins árs í senn.

□ Kjósa skal endurskoðanda viðskiptabanka eða sparisjóðs sem endurskoðanda í móður-, systur- og dótturfélagi ef þess er nokkur kostur.

□ Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjólum og öðrum gögnum viðskiptabanka og sparisjóðs. Jafnframt skulu bankaráð eða sparisjóðsstjórn og starfsmenn hlutaðeigandi stofnunar veita honum allar umboðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

■ **61. gr.** Endurskoðandi viðskiptabanka eða sparisjóðs má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður stofnunarinnar eða starfa í þágu hennar að öðru en endurskoðun.

□ Endurskoðandi viðskiptabanka eða sparisjóðs má ekki vera skuldugur þeirri stofnun sem hann annast endurskoðun hjá, hvorki sem aðalskulðari né ábyrgðarmaður. Hið sama gildir um maka hans.

■ **62. gr.** Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning viðskiptabanka eða sparisjóðs í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Með endurskoðun sinni skal hann komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn veitir. Endurskoðandi skal ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög, reglur, samþykkir og góða reikningsskilavenju.

□ Endurskoðandi skal árita ársreikning, greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar og láta í ljós álit. Í árituninni skal

m.a. felast yfirlýsing um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og gerður í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykktu og góða reikningsskilavenju.

□ Telji endurskoðandi að skýrsla stjórnar hafi ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita eða sé hún ekki í samræmi við ársreikning skal hann vekja á því athygli í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar sé þess kostur. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að komi fram í ársreikningi.

□ Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðandi vill koma á framfæri við bankaráð og sparisjóðsstjórn eða bankastjóra og sparisjóðsstjóra, skal bera fram skriflega og veita skal þessum aðilum hæflean frest til þess að svara.

□ Verði endurskoðendur varir við verulega ágalla í rekstri viðskiptabanka eða sparisjóðs eða atriði er varða innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi stofnunar, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um stofnumina hafi verið brotnar, skal endurskoðandi gera stjórn hennar og [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi viðskiptabanka eða sparisjóðs fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánum tengslum við hlutaðeigandi stofnun, sbr. 3. mgr. 4. gr. Ákvæði þessarar málsgreinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðenda skv. 43. gr. laga þessara eða ákvæði annarra laga.

□ Endurskoðandi hefur rétt til að sitja bankaráðsfundi og stjórnarfundi sparisjóðs þar sem fjallað er um ársreikning. Einnig hefur hann rétt til að sitja aðalfundi viðskiptabanka og sparisjóðs.

□ Við viðskiptabanka og sparisjóði skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 39. gr. Innri endurskoðun er hluti af skipulagi viðskiptabanka og sparisjóða og er þáttur í eftirlitskerfi þeirra. [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> getur veitt undanþágu frá starfrækslu slíkrar endurskoðunardeilda og sett þeim stofnum um skilyrði sem slíka undanþágu fá.

□ Viðskiptabanki eða sparisjóður skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu, þar með talið vaxtaáhættu [og verðtryggingaráhættu],<sup>2)</sup> í tengslum við öll viðskipti sín. [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> getur sett leiðbeinandi reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþáttu í starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóðs.

□ [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> skal sjá til þess í samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og aðra hlutaðeigandi aðila að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri endurskoðunardeilum við endurskoðun hjá viðskiptabökum og sparisjóðum. [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> setur reglur um endurskoðun viðskiptabanka og sparisjóða.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 82/2001, 1. gr.

■ **63. gr.** [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> getur látið fara fram sérstaka endurskoðun hjá viðskiptabanka eða sparisjóði og ráðið til þess löggiltan endurskoðanda. [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> er heimilt að láta hlutaðeigandi stofnun bera kostnaðinn af slíkri endurskoðun.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr.

■ **64. gr.** Endurskoðaður og undirritaður ársreikningur viðskiptabanka eða sparisjóðs ásamt skýrslu stjórnar skal sendur [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> innan tíu daga frá undirritun en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

□ Hafi á aðalfundi verið samþykktar breytingar á undirrituðum ársreikningi skal breyttur ársreikningur sendur [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> innan tíu daga frá aðalfundi og gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið.

málaeftirlitinu]<sup>1)</sup> innan tíu daga frá aðalfundi og gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið.

□ Ársreikningur viðskiptabanka og sparisjóðs ásamt skýrslu stjórnar skal liggja frammi á afgreiðslustað hlutaðeigandi stofnunar og afhentur hverjum viðskiptaaðila sem þess óskar innan tveggja vikna frá staðfestingu ráðherra þegar um ríkisviðskiptabanka er að ræða eða samþykkt aðalfundar þegar um aðra viðskiptabanka eða sparisjóði er að ræða.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr.

■ **65. gr.** [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> setur reglur<sup>2)</sup> um:

1. mánáðarleg efnahagsfyrilit,
2. árshlutauppgjör á eiginfjárlutfalli, sbr. 54. gr.,
3. árshlutarekstraruppgjör og efnahagsuppgjör og
4. lausafjárruppgjör, sbr. 53. gr.

□ Árshlutauppgjör, sem viðskiptabankar og sparisjóðir birta opinberlega, skulu vera á samræmu formi sem [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> ákveður.

□ [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> getur veitt undanþágu frá ákvæðum um gerð árshlutauppgjörs.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr. <sup>2)</sup> Rg. 341/1996.

■ **66. gr.** Viðskiptabanki eða sparisjóður, sem er móðurfyrirtæki, myndar ásamt dótturfyrirtæki samstæðu.

□ Viðskiptabanki eða sparisjóður telst vera móðurfyrirtæki þegar hlutaðeigandi stofnun:

1. ræður yfir meiri hluta atkvæða í öðru fyrirtæki,
2. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnarmanna eða stjórnenda,
3. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að hafa afgerandi áhrif á starfsemi þess á grundvelli samþykktu fyrirtækisins eða samnings við það,

4. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og ræður, á grundvelli samnings við aðra hluthafa eða eignaraðila, meiri hluta atkvæða í fyrirtækinu eða

5. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur ráðandi stöðu í því.

□ Fyrirtæki, sem hafa þau tengsl við móðurfyrirtæki sem lýst er í 2. mgr., teljast vera dótturfyrirtæki.

□ Við mat á atkvæðirétti og réttindum til að tilnefna eða víkja frá stjórnarmönnum eða stjórnendum skal leggja saman réttindi sem bæði móður- og dótturfyrirtæki ráða yfir.

□ Við mat á atkvæðirétti í dótturfyrirtæki skal ekki talinn með atkvæðiréttur sem fylgir eigin hlutum dótturfyrirtækisins eða dótturfélögum þess.

□ [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> setur nánari reglur<sup>2)</sup> um gerð samstæðureikningsskila.

□ Ákvæði 46. gr. um eignarhluti o.fl., 51. gr. um fasteignir og 53.–55. gr. um laust fé og eigið fé skulu einnig gilda þegar um samstæðu er að ræða. Bankaráð, sparisjóðsstjórn, bankastjórar og sparisjóðsstjórar móðurfyrirtækisins skulu sjá um framkvæmd þessa ákvæðis.

□ Ákvæði 56.–58. gr. um ársreikning og skýrslu stjórnar, 1. og 4. mgr. 60. gr. um endurskoðun ársreikninga, 1. mgr. 61. gr. og 62. gr. um endurskoðendur, 1. og 2. mgr. 64. gr. um ársreikninga og 2. mgr. 93. gr. um eftirlitsskyldu [Fjármálaeftirlitsins]<sup>1)</sup> gilda eftir því sem við á bæði fyrir samstæðuna og fyrir einstök fyrirtæki samstæðunnar. Ákvæði 3. mgr. 64. gr. um skil á ársreikningi til [Fjármálaeftirlitsins]<sup>1)</sup> og 65. gr. um hvernig standa skuli að upplýsingaskyldu viðskiptabanka og sparisjóða gilda einnig fyrir samstæðuna.

□ [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> getur ákveðið að ákvæði 7. og 8. mgr. þessarar greinar gildi einnig fyrir önnur tilvik þegar um er að

ræða viðskiptabanka eða sparisjóð sem einn og sér eða í samstarfi við annan aðila er í þannig eignatengslum við fyrirtæki að nauðsynlegt teljist að beita þessum reglum.

□ Ákvæði 7. og 8. mgr. þessarar greinar gilda ekki um fyrirtæki sem viðskiptabanki eða sparisjóður hefur eignast tíma-bundið hlut í, annaðhvort til að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess fyrirtækis. [Fjármálaeftirlit-  
id]<sup>1)</sup> getur þó ákvæðið að umrædd ákvæði skuli gilda.

□ [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> getur veitt undanþágu frá ákvæðum 7. og 8. mgr. þessarar greinar.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr. <sup>2)</sup> Rg. 554/1994, sbr. 624/1994, 717/1995 og 92/2001. Rg. 341/1996.

### VIII. kaffli. Slit viðskiptabanka og sparisjóða.

■ **67. gr.** Hafi bankaráð eða sparisjóðssjórnum eða bankastjórar eða sparisjóðssjórar hlutaðeigandi stofnunar ástæðu til að ætla að eigið fé hennar sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 54. gr. ber þeim þegar í stað að tilkynna það [Fjármálaeftirlitinu].<sup>1)</sup> Sambærileg skylda hvílir á endurskoðanda hlutaðeigandi stofnunar hafi hann ástæðu til að ætla að stjórn-endur hennar hafi ekki rækt skyldu sína skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

□ Er [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> berst tilkynning skv. 1. mgr. eða telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé viðskiptabanka eða sparisjóðs sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 54. gr. skal það krefja stjórn stofnunarinnar þegar í stað um reikningsuppgjör sem henni ber að afhenda innan hæflegs frests.

□ Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að eigið fé viðskiptabanka eða sparisjóðs fullnægi ekki ákvæðum 54. gr. skal bankaráð eða sparisjóðssjórnum án tafar boða til fundar hluthafa eða stofnfjáreigenda til ákvörðunar og afhenda síðan [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana hún hyggt grípa af þessu tilefni. Skal [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> þegar afhenda ráðherra endurskoðað reikningsuppgjör og greinargerð bankaráðs eða sparisjóðssjórarnar ásamt umsögn sinni. Ákvæði þessarar málsgreinar tekur einnig til ríkisviðskiptabanka eftir því sem við getur átt. Í slíkum tilvikum skal ráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu um ráðstafanir er grípa skuli til.

□ Þegar ráðherra hafa borist gögn skv. 3. mgr. er honum heimilt að veita hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki skv. 54. gr. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að sex mánuði til viðbótar.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr.

■ **68. gr.** Bú viðskiptabanka eða sparisjóðs verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum.

□ Slíta ber viðskiptabanka eða sparisjóði í eftirtoldum tilvikum:

1. ef ráðherra synjar viðskiptabanka eða sparisjóði um frest að hætti 4. mgr. 67. gr. eða frestur samkvæmt því ákvæði er á enda án þess að stofnuninni hafi tekist að auka eigið fé fram yfir það lágmark sem kveðið er á um í 54. gr.,

2. ef skylt er að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði samkvæmt samþykktum hlutaðeigandi stofnunar,

3. ef hluthafafundur eða fundur stofnfjáreigenda ákveður að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði.

□ Í þeim tilvikum, sem getið er í 2. eða 3. tölul. 2. mgr., skal [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> samkvæmt beiðni ráðherra afla reikningsuppgjörs stjórnar hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs á sama hátt og skv. 2. mgr. 67. gr. og afhenda það

honum ásamt álitsgerð sinni um hvort eignir viðskiptabankans eða sparisjóðsins hrökkvi fyrir skuldum.

□ Ákvörðun skv. 3. tölul. 2. mgr. er því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst  $\frac{2}{3}$  hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki stofnfjáreigenda sem ráða yfir minnst  $\frac{2}{3}$  hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum eða fundum stofnfjáreigenda að fengnu samþykki ráðherra og umsögn [Fjármálaeftirlitsins].<sup>1)</sup> [Um samruna hlutafélagsbanka og sparisjóða

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr.

■ **69. gr.** Þegar skylt er að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði skv. 1. tölul. 2. mgr. 68. gr. eða þegar fram kemur af álitsgerð [Fjármálaeftirlitsins],<sup>1)</sup> í tilvikum sem eiga undir 2. eða 3. tölul. sama ákvæðis, að óvist sé að eignir viðskiptabanka eða sparisjóðs hrökkvi til greiðslu skulda stofnunarinnar skal ráðherra senda héraðsdómara á varnarþingi hlutaðeigandi stofnunar kröfu um að bú hennar verði tekið til gjaldþrotaskipta. Bann í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. við því að bú opinberrar stofnunar verði tekið til gjaldþrotaskipta er ekki því til fyrirstöðu að slíkt sé gert varðandi ríkisviðskiptabanka.

□ Þegar skylt er að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði skv. 2. eða 3. tölul. 2. mgr. 68. gr. og [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> telur sýnt að eignir hlutaðeigandi stofnunar hrökkvi fyrir skuldum skal ráðherra senda héraðsdómara á varnarþingi stofnunarinnar kröfu um að bú hennar verði tekið til skipta til slita á viðskiptabankanum eða sparisjóðnum.

□ Þegar héraðsdómari hefur kannað hvort fullnægt sé skilyrðum 68. gr. fyrir kröfunni skal hann kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við henni.

□ Í innköllun í bú viðskiptabanka eða sparisjóðs skal tekið fram hvort það hafi verið tekið til skipta að hætti 1. eða 2. mgr.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr.

■ **70. gr.** Leiði ekki annað af ákvæðum þessara laga skulu um skipti á búi viðskiptabanka eða sparisjóðs gilda almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem átt getur við að því undanteknu að ákvæði þeirra um riftun ráðstafana gilda ekki um skipti sem komin eru til skv. 2. mgr. 69. gr.

□ Þegar ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. miða réttar-áhrif við frestdag skal jafngilda þeim degi við skipti á búi viðskiptabanka eða sparisjóðs sá dagur sem ráðherra hefur veitt frest að hætti 4. mgr. 67. gr. en sé slíkur frestur ekki undanfari skipta skal miðað við þann dag sem héraðsdómara berst krafa ráðherra skv. 1. eða 2. mgr. 69. gr.

□ Þegar allar skuldir sparisjóðs hafa verið greiddar skal greiða stofnfjáreigendum eignarhlut þeirra af eftirstöðvum eigna sjóðsins. Þeim eignum, sem þá kunna að vera eftir, skal ráðstafað í samræmi við ákvæði samþykkta sparisjóðsins. Þó er ekki heimilt að ráðstafa eftirstöðvum eigna til stofnfjáreigenda, sbr. 4. mgr. 17. gr.

■ **71. gr.** Þegar skipt er búi ríkisviðskiptabanka skal ráðherra njóta sömu heimilda til að sækja skiptafundi og til að halda þar uppi mótmælum eða gera kröfur og lánardrottinn sem fer með viðurkennda kröfu í búið.

### IX. kaffli. Samruni.

■ **72. gr.** Samruni viðskiptabanka eða sparisjóða er því að eins heimill að ákvörðum þar að lútandi hafi hlotið samþykki minnst  $\frac{2}{3}$  hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa eða stofnfjáreigenda viðkomandi stofnana sem ráða yfir minnst  $\frac{2}{3}$  hlutum þess hlutfjár eða stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum eða fundum stofnfjáreigenda að fengnu samþykki ráðherra og umsögn [Fjármálaeftirlitsins].<sup>1)</sup> [Um samruna hlutafélagsbanka og sparisjóða

sem breytt hefur verið í hlutafélög gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt og samningar hlutaðeigandi aðila.]<sup>2)</sup>

- Við samruna viðskiptabanka eða sparisjóða við einstaka rekstrarhluta annarra stofnana skal fara að hætti 1. mgr.
- Við samruna skv. 1. og 2. mgr. tekur hin sameinaða stofnun við allri starfsemi, réttindum og skyldum hlutaðeigandi stofnana.
- Viðskiptabanka eða sparisjóði, sem er slitið vegna samruna skv. 1. mgr., er ekki skylt að gefa út innköllun til lánardrottina eða halda eignum sínum aðgreindum. Breyting á eignaskráningu í veðmálabókum vegna samruna viðskiptabanka eða sparisjóða er undanþegin stimpilgjöldum.
- Auglýsa skal samruna viðskiptabanka- eða sparisjóða- starfsemi í Lögbirtingablaði. Í auglýsingu skal tilgreina hvenær samruni tekur gildi, nöfn hlutaðeigandi stofnana, frest til að gera athugasemdir við yfirlæstslu innlánsreikninga, hugsanlegar breytingar á greiðslustöðum skuldaskjala og annað sem kunngera þarf viðskiptamönum sérstaklega.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 71/2001, 5. gr.

■ **73. gr.** Við samruna tveggja eða fleiri viðskiptabanka eða sparisjóða skal eigið fé, sem verður til við samruna, ekki vera laegra en samanlagt eigið fé hlutaðeigandi stofnana á þeim tíma sem samruni átti sér stað, enda hafi lágmarki skv. 1. eða 2. mgr. 6. gr. ekki verið náð.

■ **74. gr.** Samruni ríkisviðskiptabanka við annan viðskiptabanka eða sparisjóð er aðeins heimill að fengnu leyfi ráðherra. Að öðru leyti gilda ákvæði 72. gr. um slíkan samruna eftir því sem við getur átt.

#### X. kaffi. . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 98/1999, 20. gr.

#### XI. kaffi. Um starfsemi erlendra viðskiptabanka og sparisjóða hér á landi.

■ **82. gr.** Erlendir viðskiptabankar og sparisjóðir, sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og hlotið hafa starfsleyfi lögbærra yfirvalda í því ríki, geta stofnsett útibú hér á landi tveimur mánuðum eftir að [Fjármálaeftirlitid]<sup>1)</sup> hefur fengið tilkynningu þess efnis frá eftirlitsaðilum í heimaríkinu. Útibúinu er heimilt að veita hverja þá þjónustu sem lög þessi taka til, enda sé hlutaðeigandi stofnun heimiluð slík þjónusta í heimaríki hennar.

□ [Fjármálaeftirlitid]<sup>1)</sup> aflar upplýsinga hjá eftirlitsaðila í heimaríki erlends viðskiptabanka eða sparisjóðs um:

1. lýsingu á starfsemi útibúsins, skipulag og fyrirhugaða starfsemi þess hér á landi,
2. staðfestingu á að fyrirhuguð starfsemi sé heimiluð í heimaríkinu,
3. heimilisfang útibúsins,
4. nöfn stjórnenda útibúsins,
5. upphæð eigin fjár og eiginfjárlutfall viðskiptabankans eða sparisjóðsins og

6. upplýsingar um tryggingar í heimaríkinu á innlánum í útibúinu sé um þær að ræða.

□ Verði breytingar á áður tilkynntum upplýsingum skv. 1.-4. og 6. tölul. í 2. mgr. skal hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður tilkynna þær [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> eigi síðar en einum mánuði áður en breytingarnar koma til framkvæmda.

□ Ákvæði laga um hlutafélög varðandi útibú erlendra hlutafélaga eiga ekki við um útibú skv. 1. mgr.

□ Viðskiptabanki og sparisjóður skv. 1. mgr. geta notað sama heiti og notað er í heimaríki hlutaðeigandi stofnunar. Sé hætta á að villst verði á nöfnum erlendra og innlendra

viðskiptabanka eða sparisjóða sem starfa hér á landi getur [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> farið fram á að nöfn hinna fyrnefndu verði auðkennd sérstaklega.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr.

■ **83. gr.** Erlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum, sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og hafa hlotið starfsleyfi lögbærra yfirvalda í því ríki, er heimilt að veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús þegar [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> hefur fengið tilkynningu þar að lútandi frá lögbærum eftirlitsaðilum í heimaríki hlutaðeigandi stofnunar. Framangreindum stofnunum er heimilt að veita hverja þá þjónustu sem lög þessi taka til skv. 44. gr. laga þessara, enda hafi eftirlitsaðilar í heimaríki peirra staðfest að starfsleyfið taki til slíkrar þjónustu.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr.

■ **84. gr.** Fyrirtæki frá öðru ríki innan hins Evrópska efnahagssvæðis, sem heimilt er samkvæmt samþykktum sínum að stunda þá starfsemi sem tilgreind er í 1. mgr. 44. gr. laga þessara, er heimilt að stofna útibú eða veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús séu eftirlatalin skilyrði uppfyllt:

1. Fyrirtækið skal vera dótturfyrirtæki viðskiptabanka eða sparisjóðs eða sameiginlegt dótturfyrirtæki tveggja eða fleiri viðskiptabanka eða sparisjóða skv. 3. mgr. 66. gr.

2. Dótturfyrirtækið skal lúta löggjöf í því ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins sem veitt hefur móðurfyrirtæki eða móðurfyrirtækjum skv. 1. tölul. starfsleyfi og skal dótturfyrirtækið jafnframt stunda umrædda starfsemi í því ríki.

3. Móðurfyrirtækið eða móðurfyrirtækin skulu fara með a.m.k. 90% af atkvæðamagni því sem fylgir hlutum í fyrirtækinu.

4. Móðurfyrirtækið eða móðurfyrirtækin skulu uppfylla skilyrði [Fjármálaeftirlitsins]<sup>1)</sup> um heilbrigða og trausta stjórnun dótturfyrirtækisins og skulu jafnframt lýsa því yfir með samþykki lögbærra yfirvalda í heimaríki þeirra að þau beri óskipta ábyrgð á skuldbindingum þeim sem dótturfyrirtækið tekur á sig.

5. Dótturfyrirtækið skal heyra undir eftirlit á samstæðugrundvelli sem móðurfyrirtækið eða sérhvert móðurfyrirtækjanna lýtur. Þetta á sérstaklega við um eftirlit með útreikningi á eiginfjárlutfalli, eftirlit með útreikningi á lánum og ábyrgðum til einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila og eftirlit með takmörkunum á eignarhlutdeild í öðrum fyrirtækjum, sbr. 46. gr.

□ Með tilkynningu um starfsemi hér á landi skv. 1. mgr. skal fylgja staðfesting lögbærs yfirvalds í heimaríki móðurfyrirtækis eða móðurfyrirtækja á því að framangreind skilyrði séu uppfyllt. Jafnframt skulu lögbær yfirvöld í heimaríki móðurfyrirtækis eða móðurfyrirtækja lýsa því yfir að þau muni hafa fullnægjandi eftirlit með starfsemi fyrirtækisins. Að öðru leyti skal beita ákvæðum 82., 83. og 85. gr. eftir því sem við á.

□ Ákvæði 1. og 2. mgr. taka einnig til fyrirtækis sem er í eigu eða undir áhrifum eins eða fleiri dótturfyrirtækja, sbr. ákvæði 66. gr. laga þessara, eftir því sem við getur átt.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr.

■ **85. gr.** Viðskiptaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um þá starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða sem um getur í 1. mgr. 82. gr. og 83. gr., svo og starfsemi fyrirtækja skv. 84. gr.

□ Um heimildir erlendra viðskiptabanka og sparisjóða, annarra en um ræðir í 1. mgr. 82. gr. til starfsemi hér á landi fer

eftir reglum<sup>1)</sup> sem viðskiptaráðherra setur að fengnum tillögum [Fjármálaeftirlitsins].<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 307/1994 og 308/1994. <sup>2)</sup> L. 84/1998, 2. gr.

## XII. kafli. Um starfsemi innlendra viðskiptabanka og sparisjóða erlendis.

■ **86. gr.** Viðskiptabankar og sparisjóðir, sem hlotið hafa starfsleyfi viðskiptaráðherra skv. 4. gr. og óska eftir að starfrækja útibú í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, skuln tilkynna það [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> ásamt eftirfarandi upplýsingum:

1. Í hvaða ríki fyrirhugað sé að stofna útibú,
2. lýsingu á starfsemi útibúsins, skipulagi og fyrirhugaðri starfsemi,
3. heimilisfangi útibúsins og
4. nöfnum stjórnenda þess.

□ Eigi síðar en þemur mánuðum eftir að [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> hefur móttekið upplýsingar skv. 1. mgr. skal það senda þær til eftirlitsaðila í gistiðkinu ásamt upplýsingum um eigið fé hlutaðeigandi stofnunar, gjaldfærni og tryggingar innlána. Tilkynning hér að lútandi skal einnig send viðkomandi stofnun. [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> skal samtímis einnig senda hlutaðeigandi eftirlitsaðilum staðfestingu þess efnis að fyrirhuguð starfsemi sé í samræmi við starfsleyfi viðskiptabankans eða sparisjóðsins.

□ [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> getur hafnað beiðni um að senda upplýsingar skv. 2. mgr. telji það ástæðu til að efast um að stjórnunarleg uppbrygging og fjárhagsstaða hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs sé nægilega traust til að réttlæta stofnun útibús skv. 1. mgr. Tilkynna skal hlutaðeigandi stofnun svo fljótt sem auðið er um afstöðu [Fjármálaeftirlitsins]<sup>1)</sup> og eigi síðar en þemur mánuðum frá móttöku upplýsinga skv. 1. mgr.

□ Viðskiptabankar og sparisjóðir skulu tilkynna [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> og lögbærum eftirlitsaðila í því ríki þar sem þeir starfrækja útibú um hverjar þær breytingar sem kunna að verða á áður veittum upplýsingum skv. 1. mgr. eigi síðar en einum mánuði áður en fyrirhugaðar breytingar koma til framkvæmda.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr.

■ **87. gr.** Óski viðskiptabanki eða sparisjóður að veita þjónustu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, án þess að stofna þar útibú, skal tilkynna það [Fjármálaeftirlitinu].<sup>1)</sup> Í tilkynningu skal koma fram hvaða ríki eigi í hlut og í hverju fyrirhuguð starfsemi sé fólgin.

□ Eigi síðar en einum mánuði frá því að [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> hefur móttekið tilkynningu skv. 1. mgr. framsendir það þessar upplýsingar til lögbærra eftirlitsaðila í viðkomandi ríki ásamt staðfestingu á því að starfsleyfi viðskiptabanka eða sparisjóðs heimili fyrirhugaða starfsemi.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr.

■ **88. gr.** Ákvæði 86. og 87. gr. taka einnig til innlends dótturfyrirtækis viðskiptabanka eða sparisjóðs eða sameiginlegs dótturfyrirtækis tveggja eða fleiri viðskiptabanka eða sparisjóða sem heimilt er samkvæmt samþykktum sínum að stunda þá starfsemi sem tilgreind er í 1. mgr. 44. gr. og uppfylla skilyrði þau sem fram koma í 1.-5. tölul. 1. mgr. 84. gr., eftir því sem við getur átt. Tilkynningu [Fjármálaeftirlitsins]<sup>1)</sup> til lögbærra eftirlitsaðila skv. 2. mgr. 86. gr. eða 2. mgr. 87. gr. skal fylgja staðfesting [Fjármálaeftirlitsins]<sup>1)</sup> á því að fyrirtækið uppfylli framangreind skilyrði.

□ Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til fyrirtækis sem er í eigu eða

undir áhrifum eins eða fleiri dótturfyrirtækja, sbr. ákvæði 66. gr. laga þessara, eftir því sem við getur átt.

□ Fyrirtæki samkvæmt þessari grein skal lúta eftirliti [Fjármálaeftirlitsins].<sup>1)</sup> Uppfylli fyrirtæki, sem hafið hefur starfsemi skv. 1. mgr., ekki lengur skilyrði þau sem fram koma í 1.-5. tölul. 1. mgr. 84. gr. skal [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> skýra viðkomandi lögbæru yfirvaldi frá því.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr.

■ **89. gr.** Hyggist viðskiptabanki eða sparisjóður hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> fyrir fram ásamt lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og öðrum upplýsingum sem [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> telur nauðsynlegar þar að lútandi.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr.

## XIII. kafli. Afturköllun starfsleyfa.

■ **90. gr.** Ráðherra getur afturkallað starfsleyfi viðskiptabanka eða sparisjóða að fengnum tillögum [Fjármálaeftirlitsins]:<sup>1)</sup>

1. hafi hlutaðeigandi stofnun fengið starfsleyfið á grundvelli falsaðra yfirlýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,

2. uppfylli hlutaðeigandi stofnanir ekki ákvæði 6. gr. um stofnfé, 7. gr. um eigið fé eða 1. mgr. 15. gr. um fjölda stofnafjáreigenda eftir því sem við á,

3. nýti hlutaðeigandi stofnun ekki starfsleyfið innan tólf mánaða frá því að það var veitt, afsali sér ótvírætt leyfinu eða hætti starfsemi í meira en sex mánuði samfell,

4. brjóti hlutaðeigandi stofnun með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögum þessum, reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim eða

5. [séu aðstæður með þeim hætti sem greinir í 7. mgr. 10. gr. um hafi hluthafa eða 38. gr. um hafi bankaráðsmanna eða stjórnarmanna sparisjóðs og stjórnenda viðkomandi stofnana],<sup>2)</sup>

6. sé það mat [Fjármálaeftirlitsins]<sup>1)</sup> að nái tengsl viðskiptabanka eða sparisjóðs við einstaklinga eða lögaðila geti hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum. Sama á við ef lög eða reglur, sem um þá aðila gilda, hindra eðlilegt eftirlit. Starfsleyfi verður þó aðeins afturkallað að [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> hafi gert athugasemdir við hlutaðeigandi banka eða sparisjóð áður og gefið fyrirtækinu kost á að leysa úr málinu.

□ Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal hlutaðeigandi stofnun veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 69/2001, 4. gr.

■ **91. gr.** Uppfylli viðskiptabanki eða sparisjóður ekki skilyrði 54. gr. um eigið fé skal ráðherra afturkalla starfsleyfi hlutaðeigandi stofnunar að fengnum tillögum [Fjármálaeftirlitsins],<sup>1)</sup> enda hafi eigið fé ekki verið fært í lögmað horf innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 4. mgr. 67. gr.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 2. gr.

■ **92. gr.** Afturköllun á starfsleyfi viðskiptabanka eða sparisjóðs skal tilkynnt bankaráði eða sparisjóðsstjórn og rökstudd skriflega. Tilkynning um afturköllun skal birt í Lögbirtingablaði og auglýst í fjlömiðlum. Starfræki hlutaðeigandi stofnun útibú eða þjónustustarfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna lögbærum eftirlitsaðilum í því ríki um afturköllunina.

□ Komi til afturköllunar á starfsleyfi viðskiptabanka eða sparisjóðs skal hlutaðeigandi stofnun slitið.

## XIV. kafli. Eftirlit.

■ **93. gr.** [Fjármálaeftirlitið] hefur eftirlit með starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða, svo og starfsemi innlendra við-

skiptabanka og sparisjóða erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt fer Fjármálaeftirlitið með eftirlit með dótturfyrirtækjum, hlutdeildarfyrirtækjum og sjóðum sem stunda starfsemi þá sem talin er upp í 44. gr. að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsskyldrar starfsemi. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

□ Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggast eignast eða fara með eignarhlut í viðskiptabanka eða sparisjóði í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 10. gr. og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut.

□ Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum eða öðrum aðilum sem teljast í nánum tengslum við viðskiptabanka eða sparisjóð, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi viðskiptabanka eða sparisjóði.

□ Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

□ Heimilt er að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um dagsektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessari grein.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L 11/2000, 10. gr.

■ **94. gr.** Eftirlitsaðilum í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins er heimilt að framkvæma athugun í útibúum þarlendra stofnana hér á landi að undangenginni tilkynningu þess efnis til [Fjármálaeftirlitsins].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L 84/1998, 2. gr.

■ **95. gr.** [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> er heimilt að banna erlendum viðskiptabanka eða sparisjóði með aðalstöðvar í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins að stunda starfsemi hér á landi hafi hlutaðeigandi stofnun brotið gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða samþykktum og reglum settum samkvæmt þeim eða gegn ákvæðum annarra laga um fjármála- og lánastofnanir, enda hafi ekki tekist að binda enda á framangreind brot samkvæmt tilmælum eða viðurlögum þessara laga.

□ Málsmeðferð skv. 1. mgr. fer að ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið eftir því sem við á.

□ Nú gerist viðskiptabanki eða sparisjóður, sem hlotið hefur starfsleyfi hér á landi og stundar starfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, brotlegur við lög þess ríkis, og lögbær yfirvöld þess ríkis grípa til ráðstafana sambærilegra þeim sem greinir í 1. mgr., og skal þá [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> aðstoða þarlend lögbær yfirvöld við samskipti þeirra við stjórnendur hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs.

<sup>1)</sup> L 84/1998, 2. gr.

■ **96. gr.** [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> skal halda skrá yfir starfandi viðskiptabanka og sparisjóði og útibú þeirra. Í skránni skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar um hlutaðeigandi stofnun. Allar breytingar á áður skráðum upplýsingum, þar á

meðal fjölgun eða fækkun útibúa, skulu tilkynntar [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> fyrir fram.

<sup>1)</sup> L 84/1998, 2. gr.

#### XV. kaffli. Ýmis ákvæði.

■ **97. gr.** Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

■ **98. gr.** Ákvæði 1. mgr. 15. gr. um fjölda stofnfjáreigenda í sparisjóði og 2. mgr. 35. gr. um tilhögun atkvæðisréttar í sparisjóði taka hvorki til þeirra sparisjóða þar sem sveitarfélög og héraðsnefndir eru ein stofnfjáreigenda við gildistöku laga þessara né til samruna þeirra, sbr. 72. gr. Sé héraðsnefnd ein stofnfjáreigandi takmarkast atkvæðisréttur hvers aðila við 1/5 hluta af atkvæðamagni í sparisjóði.

■ **99. gr.** Kostnaður við birtingar tilkynninga samkvæmt lögum þessum greiðist af hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði.

■ **100. gr.** Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. 10. gr. er heimilt að leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf í Sparisjóðabanka Íslands hf. sem stofnaður er af sparisjóðunum.

#### XVI. kaffli. Viðurlög.

■ **101. gr.** Fyrir brot á lögum þessum skal refsáð með sektum eða [fangelsi allt að 2 árum]<sup>1)</sup> liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

<sup>1)</sup> L 82/1998, 228. gr.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Ákvæði laga þessara, sem fjalla um stofnfjáreigendur í sparisjóði, taka einnig til ábyrgðaraðila eftir því sem við getur átt þar til fullnægt hefur verið ákvæðum 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

□ Í starfandi sparisjóði, þar sem stofnfé hefur ekki verið lagt fram heldur einungis ábyrgðir, skal aðalfundur innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara ákveða að í stað ábyrgða komi stofnfé.

□ Leggi ábyrgðarmaður ekki fram stofnfé samkvæmt ákvæðum þessarar greinar fellur hann úr aðilahópi.

□ Stofnfé, sem innborgað er skv. 1. mgr., má ekki nema lægri fírhæð en samanlagðri upphæð ábyrgða í sparisjóði. Ábyrgðaraðilar eiga rétt til stofnfjáráins í hlutfalli við ábyrgðarfjárhæð sína.

□ Inneign stofnfjáreigenda í séreignarsjóði stofnfjáreigenda í sparisjóði skal við gildistöku laga þessara færa til aukningar á stofnfé viðkomandi stofnfjáreiganda og skal hlutverki séreignarsjóðs þar með vera lokið.

■ **II.** [Komi til sameiningar sparisjóða á Vestfjörðum getur fundur stofnfjáreigenda í sameinuðum sparisjóði ákveðið, þrátt fyrir 3. mgr. 37. gr. A, að sá hluti hlutafjár sparisjóðsins sem ekki gengur til stofnfjáreigenda skulu verða eign tveggja eða fleiri sjálfseignarstofnana sem bundnar voru starfssvæðum hinna sameinuðu sparisjóða.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L 71/2001, 6. gr.

■ **III.** Víkjandi lán, sem viðskiptabanki eða sparisjóður hefur tekið fyrir gildistöku laga þessara og greiðast skulu niður með afborganum, eru undanþegin ákvæði 3. málsl. 1. tölul. 4. mgr. 54. gr. laganna um endurgreiðslu víkjandi lána sem teljast til eiginfjárpáttar B.

■ **IV.** ...

■ **V.** ...

■ **VI.** ...